



## TILLAGA

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

---

### **Sérákvæði vegna breytinga í Tjarnar- og Bjarkargötu, sunnan Skothúsvegur**

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Að einstefnuakstur verði á Bjarkargötu til suðurs.
- Að hjólandi verði undanþegin einstefnuakstri á Bjarkargötu.
- Að einstefnuakstur verði Tjarnargötu til suðurs, sunnan Skothúsvegur.
- Að hjólandi verði undanþegin einstefnuakstri á Tjarnargötu, bæði norðan og sunnan Skothúsvegur.
- Að heimilt verði að leggja við vinstri brún Bjarkargötu m.v. akstursstefnu
- Að heimilt verði að leggja við vinstri brún Tjarnargötu sunnan Skothúsvegur m.v. akstursstefnu

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Greinargerð:

Bjarkar- og Tjarnargata eru þröngar tvístefnugötur milli Skothúsvegur og Hringbrautar sem lagt er til að verði með einstefnuakstri. Þar hefur bifreiðum verið lagt við götukanta báðum megin og hafa íbúar lengi óskað eftir því að göturnar verði gerðar að einstefnugötum, enda hefur það reynst öikumönnum erfitt að mætast. Unnið er að því að koma á gjaldskyldu í götunum í samræmi við samþykkt ráðsins frá því 26. október 2022, m.a. þarf að afmarka bílastæði. Tillagan gerir ráð fyrir því að bílastæði verði áfram með sama hætti og verið hefur, þ.e. að lagt sé báðum megin.

Göturnar eru mikið notaðar af hjólreiðafólki á leið í og úr miðborginni, þá sérstaklega Tjarnargata. Lagt er til að áfram verði heimilt að hjóla í báðar áttir í götunum, líkt og verið hefur. Það er að segja að hjól verði undanþegin einstefnuakstri. Merking um þá undanþágu verði við báða enda götunnar öikumönnum vélknúinna ökutækja og öðrum til upplýsinga. Slíkt fyrirkomulag er nýtt í Reykjavík (en var þó reynt fyrir nokkrum árum tímabundið) en þekkist víða erlendis eins og í Danmörku, Noregi, Hollandi, Þýskalandi, Bretlandi og Belgíu. Í Belgíu er það reglan, þannig að taka þarf sérstaklega ákvörðun um ef það á ekki að vera heimilt að hjóla gegn einstefnu og í Bretlandi eru skýrar leiðbeiningar frá þarlandum samgönguguyfirvöldum um að íhuga það að heimila hjólandi á móti einstefnu þar sem eru einstefnugötur. Ýmsar athuganir og rannsóknir hafa verið gerðar og er það almennt viðurkennt, að það að heimila að hjóla á móti einstefnu við aðstæður eins og í Tjarnargötu og Bjarkargötu eykur ekki líkur á umferðarslysum<sup>1</sup>. Það þarf ekki að taka fram að fyrirkomulagið greiðir fyrir og bætir aðgengi

---

<sup>1</sup> <https://etsc.eu/wp-content/uploads/Briefing-Contraflow-Cycling.pdf>



Reykjavíkurborg

hjólandi vegfarenda. Þar sem umferð er jafn lítil og í þessum götum og hámarkshraði ekki meiri en 30 km/klst er ekki talin þörf á að afmarka sérstaka hjólarein eða hjólastíg vegna þessa.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllt,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
*Samgöngustjóri*

Hjálagt: Tjarnar- og Bjarkargata með áætluðum umferðarmerkingum.

